

Áhugaverð umfjöllun. Valfrelsi ákveðins sjúklingahóps veldur hrolli í herbúðum forsjarhyggjumanna. Íslands Kári hefur dáleitt stóran hluta þjóðarinnar til að skrifa undir skringilegt skjal, þar sem krafist er, að gríðarlegur hluti tekna hins opinbera skuli renna til heilbrigðiskerfis, sem áfram skuli lúta stjórn stjórnámálanna og skrifanna. Fjársvelti Landsspítalans stuðlar að einkarekstri, er staðhæft. Vel kann að vera sannleikskorn í því, en hinu má ekki gleyma, að opinbert heilbrigðiskerfi er botnlaust. Jafnvel heilbrigðiskerfi hinna forríku og ofdekruðu nágranna okkar austan við Atlantsála ber sama svipmót og það íslenska; þ.e. botnleysi, vond stjórnun, tilviljunarkenndar lækningar, sóun, skrifræði, (oft) vond þjónusta, biðlistar og svo framvegis. Beint samband sjúklings og heilbrigðisstarfsmanns er trúlega einasta lausnin til að hemja hentistefnufjárustur og sóun. Hafi fólk raunverulega ekki efni á bráðnauðsynlegri heilbrigðisþjónustu er t.d. unnt að veita beina styrki, sem fólk ráðstafar samkvæmt eigin þörf og hyggjuviti. Heilbrigðiskerfið er ófreskja, hryllingsleikhús stjórnámálanna og embættismanna, m.a. landlæknis.

Það er engin þörf á opinberu kerfi til að leita sér heilbrigðisþjónustu frekar en annarrar þjónustu. Umrætt kerfisskrímli hefur t.d. búið til þann kerfisklofa, að lækna standa með annan fótinn í opinberu heilbrigðiskerfi og hinn fótinn í hinu einkarekna. Þeir maka krókinn. Lækna eru gæddir sömu náttúru og flestir að skara eld að eigin köku. Kemur það einhverjum á óvart? Þeir eru því ýmist á ríkisjötunni eða niðurgreiddir eins og bændur og nokkrar aðrar stéttir samfélagsins. Landlæknir og Íslands Kári bregða gamalkunnri svipu á loft; öryggi sjúklinga. Höggin verða heiftarlegri og sárari í hvert sinn, sem lækna (stundum aðrar heilbrigðisstéttir) vantar meiri laun eða þegar niðurgreiðslustarfsöryggi þeirra er ógnað. Enn hefur þó engin látist, þrátt fyrir ósvífni téðra stétta (eftir því sem ég best veit).